

# Skólaráðsfundur

14. mars 2023 kl. 8:15 á skrifstofu skólastjóra

Mættir: Hilmar Egill Sveinbjörnsson skólastjóri, Elín Þuríður Samúelsdóttir fulltrúi kennara, Kristín Hulda Halldórsdóttir fulltrúi almennra starfsmanna, Særún Jónsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins, Rebekka Riviere Magnúsdóttir og Manassa Qarni fulltrúar foreldra og Júlía Teresa Radwanska og Emilía Rós Símonardóttir fulltrúar nemenda.

## 1. Lestrarpróf - niðurstöður

Farið yfir niðurstöður nýafstaðinna lestrarprófa í janúar. Í samanburði við landið eru niðurstöður í sumum árgöngum ögn lakari en á pari í öðrum. Niðurstöður eru ávallt ræddar með kennurum varðandi leiðir til úrbóta. Grunnurinn að öllu námi er lestur og er þjálfun að stórum hluta sinnt heima. Rætt um í hvaða þáttum lakari niðurstöður kynnu að liggja. Stóru-Vogaskóli leggur mikið upp úr því að geta lagt lestrarprófin fyrir alla nemendur, hver svo sem lestrarstaðan er hjá nemandanum. Í t.d. 10. bekk Stóru-Vogaskóla er 100% þátttaka en á landsvísu einungis um 80% þátttaka.

Varðandi þátt heimila í lestrarþjálfun var rætt af foreldri að ef ekki er gott aðhald frá skóla um heimalestur að þá er barátta foreldra töpuð. Ekki nóg að senda lestrarmiða heim ef honum er ekki fylgt eftir í skóla. Góð eftirfylgni á yngsta og miðstigi en vantar uppá á unglíngastigi.

Fyrirspurn um hvort stafabekking barna sem koma úr leikskóla sé meiri nú en áður, og þá hvort skólinn bregðist við því. Það er samfella og umræður um þessi mál milli skólastiga.

## 2. Valgreinar á unglíngastigi

Skólastjóri leggur fram yfirlit yfir valgreinar á unglíngastigi fyrir líðandi skólaár. Ánægja fundarmanna með fjölbreytta og áhugaverða valáfanga sem í boði eru. Rætt að nemendur geta komið með tillögum að valáföngum sem þá væri tekið fyrir hverju sinni.

## 3. Önnur mál

- Særún ræddi um áhugaverða umræðu um notkun síma og samfélagsmiðla í Silfrinu.
- Uppástunga frá foreldri til nemendaráðs um að foreldrar fái aðeins meiri fyrirvara þegar eru öðruvísi dagar, eins og fata-þemadagar. Frábært framtak en væri gott að geta aðstoðað börnin sín við undirbúning með meira en dagsfyrirvara.

Fundi slitið kl. 9:30

Fundarritari: Elín og Hilmar